



T-501-FINA

INNGANGUR AÐ FJÁRMÁLUM

6 ECTS

Ár: 2. ár.
Önn: Haustönn.
Stig námskeiðs: 1. Grunnám, grunnnámskeið.
Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið RV.
Nauðsynlegir undanfarar: Stærðfræði I & II (T-101-STA1 og T-201-STA2). Aðrir ráðlagðir undanfarar: Góð kunnátta í Excel.
Skipulag: Kennt í 12 vikur – 6 kennslustundir í viku.
Umsjónarkennari: Sverrir Ólafsson.
Kennari: Viðar Viðarsson.

Lærdómsviðmið:

Þekking: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir grunn þekkingu og skilningi á fjármálum fyrirtækja og þeim aðferðum sem stjórnendur fyrirtækja beita með það að leiðarljósi að hámarka virði þeirra; kann að lesa sér til gagns ársreikninga fyrirtækja og framkvæma á þeim kennitölugreiningu; skilur mun á skammtíma- og langtíma fjárhagsáætlun fyrirtækis; skilur samhengi milli langtíma fjárhagsáætlunar og stefnumótunar fyrirtækis; skilur áhrif tímasetningar og áhættu á virði framtíðar fjárstreymisins; þekkir aðferðir til að leggja mat á mismunandi fjárfestingarkosti; þekkir helstu fjármögnunarleiðir fyrirtækja og veit að vel ígrundaðar fjárfestingarákvarðanir eru áhrifameiri til virðisaukningar fyrirtækja en fjármögnunarákvarðanir.

Leikni: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir leikni til að setja upp eigin fjármálaleg reiknilíkon sbr. líkön til útreikninga á virði verkefna, hlutabréfa og skuldabréfa; uppsetningu rekstarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis; sem og útreikningi og túlkun ýmiss konar kennitalna fyrirtækja.

Hæfni: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir hæfni til að skilja umfjöllun um viðskiptalífið, einstök fyrirtæki, verðbreytingar skulda- og hlutabréfa og hræringar á fjármálamörkuðum. Jafnframt hefur nemandinn öðlast hæfni til að auka enn frekar við þekkingu sína og leikni á sviði fjármála með þátttöku í sérhæfðari námskeiðum sem fara dýpra ofan í einstaka þætti fjármálafræðinnar.

Lýsing: Námskeiðið fjallar heildstætt um fjármál fyrirtækja þar sem farið er í mikilvæg hugtök eins og vexti, núvirðingu, og framvirkt verð, áhættu tengt framtíðar sjóðsstreymi og ávöxtunarkröfu, skilvirkni markaða, fjármagnshögun, fjármögnunarleiðir, greiningu ársreikninga, sjóðstreymisáætlanir, langtímaáætlanir, samspil áætlana og stefnumótunar sem og kaup og samruna.

Lesefni: Richard A. Brealey og Stewart C. Myers, *Principles of Corporate Finance*.

Kennsluaðferðir: Kennslan byggist á fyrirlestrum og úrlausnum tíma- og heimaverkefna.. Kennsluáætlun er kynnt í upphafi námskeiðsins.

Námsmat: Námsmatið fer fram með lokaprófi ásamt áfangaprófi og heimaverkefni.

Tungumál: Íslenska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.